

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

30. júní 2017
UST201706-310/P.B.S.
10.05.08

Efni: Stækkun Mjólkárviðkjunar. Ákvörðun um matsskyldu. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Lýsing á framkvæmdum

Um er að ræða stækkun Mjólkárviðkjunar sem felst í aukinni orkuframleiðslu með aukinni miðlun án þess að afl viðkjunarinnar verði aukið.

Í greinargerð kemur fram að vötnin fjögur sem framkvæmdin nær til eru óröskuð og eru öll stærri en 1000 m² og njóta því sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Viðkjunarsvæðið og nánasta umhverfi er nokkuð mikið raskað vegna fyrri viðkjanaframkvæmda. Með Hófsárveitu efri á að auka vatnsrennsli í gegnum Mjólká III og I, með því að veita meira vatni af vatnasviði Hófsár yfir til Mjólkár. Talið er að aukið rennsli frá Hófsárveitu efri yfir á vatnasvið Mjólkár muni fækka þeim dögum sem Mjólkáfossar eru vatnslausir. Vatnsborð vatnanna þriggja á Hófsárveitusvæði mun sveiflast en Kattarvatn mun einkum raskast vegna veituskurðar sem liggur í átt að Tangavatni. Í skýrslunni kemur fram að svæðið sé mjög snjópungt svo breytingar á svæðinu sjást minna en á láglendari svæðum. Vatnið rennur að mestu leyti til sjávar eftir farvegum sem þegar hefur verið raskað í fyrri framkvæmdum viðkjunarinnar. Framkvæmdir munu hafa lítil áhrif á gróður þar sem framkvæmdarsvæðið er mjög gróðurnautt. Nýjar byggingar á láglendi í Borgarfirði eru á þegar röskuðu svæði.


Nyrsti hluti viðkjunarsvæðis Mjólkárviðkjunar teygir sig inn á svæði á náttúruminjaskrá, í tilkynningarskýrslu kemur fram að framkvæmdir verða utan svæðis á náttúruminjaskrá. Allt viðkjunarsvæðið er hverfisverndað í gildandi aðalskipulagi. Framkvæmdir munu skerða víðerni Glámuhálendis, en nú þegar er búið að skerða svæðið að einhverju leyti með fyrri framkvæmdum.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur jákvætt að nýta betur rennsli vatnsfalla sem nú þegar eru virkjuð eins og í því tilfalli sem hér um ræðir í stað þess að virkja óröskuð vatnsföll. Umhverfisstofnun telur jafnframt að umsagnaraðili hafa gert nægilega grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og mótvægisáðgerðum.


Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að ganga vel frá skurðum með því að láta þá ekki liggja í beinum línun heldur móta þá að náttúrulegri ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast allt óþarfa rask.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun að þrátt fyrir umfang fyrirhugaðrar framkvæmdar sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragason
Teymisstjóri